

Nr. 19 036 S 025 Bjarnarnes ÍS 75**Strandar**

Skipaskr.nr.: 7643
Útgerð: Skútusiglingar ehf.
Smíðaður: Bátasmiðja Guðmundar, 2008, Trefjaplast
Stærð: 8,91 bt.
Mesta lengd: 9,97 m *Skráð lengd*: 9,94 m
Breidd: 2,91 m *Dýpt*: 2,11 m
Vél: Volvo Penta, 257,6 kW, árg.: 2007.
Fjöldi skipverja: 1



Bjarnarnes @ Guðmundur Einarsson

Gögn:
Lögregluskýrsla.
Gögn RNSA.

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Pálma K. Jónssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. mars 2019 var Bjarnarnes ÍS 75 á siglingu inn á Jökulfjörðum á leið að ná í farþega. Veður: SSV 3 m/s.

Skipstjórinn hafði samband við Vaktstöð siglinga kl. 09:12 og tilkynnti að báturinn væri strandaður við Kvíar í Jökulfjörðum. Óskaði hann eftir aðstoð og fóru björgunarskipin Gunnar Friðriksson frá Ísafirði og Gísli Hjalta frá Bolungarvík til aðstoðar. Um kl. 11:50 losnaði báturinn og Gunnar Friðriksson dró Bjarnarnes til hafnar á Ísafirði.



Bjarnarnes á strandstað.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar báturinn átti eftir um 10 metra að bóli sem festa átti hann við ætlaði skipstjórinn að minnka ferð en stjórtökin svöruðu ekki. Báturinn var á 23 hnúta ferð og kominn það nálægt landi að ekki náðist að beygja;
- að bilun var í viðnámi í stjórtökunum sem voru af Volvo Penta gerð;
- að áður hafði komið upp bilun í stjórtökunum sem lýstu sér þannig að þegar gefa átti vélinni inn gerðist ekkert;
- að skipt var um vél og stjórnbúnað eftir strandið;
- að skipstjórinn var einn um borð og var að sækja farþega ásamt auka áhafnar meðlim sem var með þeim.
- að ekki var rétt lögskráð á bátinn.



Stjórtækið af Volvo Penta gerð

Nefndarálit:

Nefndin telur að aðgæsluleysi ásamt bilun í búnaði hafi orsakað strandið.